

Nd.

137. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt mál þetta ýtarlega, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Nefndin hefur leitað umsagnar utanríkismálaráðuneytisins, sem telur frv. ekki í samræmi við milliríkjasamning, er það telur enn vera í gildi. Minni hl. nefndarinnar vill afgreiða málið með rökstuddri dagskrá. Meiri hlutinn leggur til, að málið verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM.

1. Frvgr. verður 1. gr. og orðast svo:

9. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn útsölastaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum og kauptúnum.

Áður en útsala er sett á stofn, skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í því sýslu- eða bæjarfélagi, sem í hlut á, og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Hafi útsala verið stofnsett, verður hún ekki lögð niður aftur, nema því aðeins, að atkvæðagreiðsla fari fram og samþykkt sé að loka áfengisútsölnunni með meiri hluta atkvæða. -

Atkvæðagreiðslur, sem um getur í 2. og 3. mgr., skulu fram fara, er $\frac{1}{2}$ hluti kjósenda eða meiri hluti sýslunefndar eða bæjarstjórnar í viðkomandi sýslu- eða bæjarfélagi krefst þess.

Nú hefur verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu eða loka útsölu, og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný, fyrr en að tveimur árum liðnum.

2. Á eftir frvgr. kemur ný gr., er verður 2. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórn skal, er lög þessi hafa verið samþykkt, gera ráðstafanir til þess að segja upp milliríkjasamningum þeim, sem lög þessi kunna að brjóta í bága við, og öðlast lögin gildi, er þeir samningar hafa verið felldir úr gildi og ríkisstjórn birt um það tilkynningu.

Alþingi, 5. jan. 1943.

Stefán Jóh. Stefánsson,
fundaskr.

Áki Jakobsson,
frsm.

Jörundur Brynjólfsson.